# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 43 8. febrúar 1974, um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum.

1. gr.

Á eftir 1. lið 1. gr. kemur ný málsgrein, sem orðist svo:

Þó skal skipum innan lögmætra stærðartakmarka heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, sem takmarkast af lengdarbaugum 21°57'0 v. og 22°32'0 v. innan línu, sem dregin er milli þeirra þrjár sjómílur út frá ströndinni.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo: Enn fremur er öll netaveiði bönnuð allt árið 1974 í Breiðafirði innan línu, sem dregin er réttvísandi 143° úr Skorarvita (65°24'9 n.br. 23°57'4 v.lgd.) í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1974.*

**F. h. r.**
**Jón L. Arnalds.**

*Þórður Ásgeirsson.*